

Ed.

34. Frumvarp til laga

[34. mál]

um breyting á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur nr. 59/1954 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Skylt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkv. 1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, þar með talin öll útihús, hvort heldur eru gripahús, hlöður, geymslur eða annað, sem metið verður sem hús skv. 3. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1.—3. september 1979 var samþykkt að óska breytinga á núgildandi lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur í þá átt, að lögfest yrði skyldutrygging allra útihúsa í sveitum.

Frumvarp það, sem hér er flutt, gengur að fullu til móts við þessar óskir.

Auk hinnar auknu tryggingaverndar gegn brunatjóni, yrði sú breyting helst, við samþykkt þessa frv., að útihús yrðu framvegis tryggð viðlagatryggingu gegn hamfaratjónum.